

Lög

um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
2. máls. 3. mgr. orðast svo: Skráin tekur til smitsjúkdóma, ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og sýklalyfjanotkunar, sbr. 3. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum.
 - Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Sóttvarnalæknir skal fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknis skv. 27. gr. lyfjalaga og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanotkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónugreinanlegar.

2. gr.

Á eftir 2. tölul. 5. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 21. maí 2004.